

sjerleyfis til útlendra manna eða fjelaga, sbr. 27. og 28. gr.

46

2. Sama gildir um hlutafjelög og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð og stofnanir, sem ekki heyra undir 3. gr., enda eigi fjelagið heimilisfang og varnarþing á Íslandi, og sje meiri hluti stjórnar þess skipaður innlendum mönnum.
3. Ákvæði fyrri málsgreinar í 25. gr. ná einungis til þess fjárstofns, sem í sjerleyfi er áskilið, að sje innlend eign (9. gr. 13.).

27. júní

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi feld lög nr. 55, 22. nóv. 1907, svo og önnur ákvæði í lögum, er brjóta kynnu bág við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG

um

innheimtu gjalda af erlendum fiskiskipum.

47

27. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða lögreglustjórum kostnað við innheimtu gjalda þeirra af erlendum fiskiskipum, sem ákveðin eru í 54. gr. laga nr. 27, frá 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs. Greiðsluna má ákveða fyrir

47
27 júní hvert lögsagnarumdæmi út af fyrir sig og miða við tiltekinn hundraðshluta af upphæð gjaldanna, þó aldrei hærri en 25% af öllum slíkum gjöldum í umdæminu. Greiðsluna mega lögreglustjórar telja til frádráttar fiskiskipagjöldunum á aukatekjureikningi sínum.

Ef hreppstjóri eða umboðsmaður sýslumanns innheimtir gjöldin, skal greiðslan fyrir innheimtukostnað renna óskert til hans.

2. gr.

Síðasta málsgrein 4. gr. laga nr. 33, 19. júní 1922, um rjett til fiskiveiða í landhelgi, er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Þorláksson.

48

27 júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tollaga.
nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur.
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir 6. og 7. lið í 1. gr. laganna komi:

6. a. Af óunnu tóbaki kr. 4.00 af hverju kg.